

Stefna Dalabyggðar 2019 – 2022



Inngangur

Vinnsluferli og tildrög stefnumótunar

Sveitarstjórn leitaði til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, til að verkefnastýra vinnu við stefnumótun fyrir sveitarfélagið, Sigríður Ingvarsdóttir forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar og Hulda Birna Baldursdóttir verkefnisstjóri tóku verkefnið að sér

Haldinn var vinnufundur með sveitarstjórnarfólki, sveitarstjóra og verkefnastjórum Nýsköpunarmiðstöðvar þar sem formað var hvaða stefnur yrði unnið með, en einnig farið yfir sýn sveitarstjórnarmanna á einstaka málaflokka, greind staða sveitarfélagsins og gildi rædd. Ákveðið var að vinna ekki með þessi gögn aftur fyrr en að íbúáþingi loknu, því mikilvægt þótti að kalla eftir vilja íbúa. Þær stefnur sem vilji var til að fela stjórnsýslunni voru jafnréttisstefna, fjármála- og stjórnsýslustefna og persónuverndarstefna. Það sem var ákveðið að leggja fyrir íbúáþing var: Atvinnumál, fjölskyldumál, markaðsstefna, samgöngumál og umhverfisstefna. Jafnframt var ákveðið að kalla eftir því hvað fólki finnst vera mikilvægustu gildi Dalabyggðar.

Íbúáþing

Haldið var ákaflega vel sótt íbúáþing sunnudaginn 17. mars, þar sem komu saman þó nokkrir tugir íbúa, ásamt sveitarstjórnarfólki og mótuðu stefnu sveitarfélagsins í nokkrum mikilvægustu málaflokkunum. Vel tókst til, en íbúar sem þátt tóku voru afar jákvæðir með þá miklu vinnu sem farið var í gegnum á stuttum og hnitmiðuðum fundi.

Starfsmenn Nýsköpunarmiðstöðvar tóku saman niðurstöður fundarins og er skemmst frá því að segja að sýn íbúa og sveitarstjórnar er mjög áþekk.

Sveitarstjórn vann síðan meðfylgjandi stefnuskjal út frá allri þessari vinnu.





Hlutverk

Hlutverk Dalabyggðar er að tryggja lífsgæði íbúa með góðri þjónustu og ábyrgum rekstri. Dalabyggð leggur áherslu á fjölskylduvænt samfélag, sjálfbærni og góð búsetuskilyrði í sveitarfélaginu.

Gildi Dalabyggðar

JÁKVÆÐNI – VIRÐING – FRAMSÆKNI

JÁKVÆÐNI: Við höfum jákvæðni og bjartsýni að leiðarljósi og stuðlum þannig að ánægjulegra samfélagi og auknum lífsgæðum.

VIRÐING: Við virðum hvort annað og auðlindirnar í kringum okkur.

FRAMSÆKNI: Við tökumst á við nýjar áskoranir og tækifæri með opnum huga og fagmennsku.



SVÓT GREINING

Styrkleikar	Veikleikar
• Gott samfélag • Mikið af tækifærum í ferðapjónustu • Internet: fjarvinna, fjarnám • Ódýrt húsnæði • Landrými • Landbúnaður • Stuttar boðleiðir • Barnvænt umhverfi • Aðgengileg þjónusta • Góður grunnskóli og leikskóli • Góð heilsugæsla	• Fólksfækkun • Íþrótt- og tómstundaaðstaða • Fá atvinnutækifæri fyrir háskólamenntaða • Enginn framhaldsskóli • Leiguhúsnæði vantar • Litlar rekstrareiningar fyrirtækja • Aldurssamsetning • Lítil fjölbreytni í atvinnumöguleikum • Neikvæð viðhorf • Atvinnumöguleikar • Fámenni og lágt útsvar, • Deyfð
Tækifæri	Ógnanir
• Fjarvinna, fjarnám, með bættu interneti • Landrými • Kyrrð • Veðurfar betra en víða • Lítil náttúruvá • Matur úr héraði • Erum á landfræðilegum krossgötum • Nafli Vesturlands • Sagan • Hæglætis ferðamennska • Norðurljós • Tækifæri í landbúnaði • Liggur vel við í samgöngum • Hringvegur 2 í burðarliðnum	• Vantar fólk á barneignaraldri • Fáir í leik- og grunnskóla • Lélegt gsm samband á köflum • Ógnanir í landbúnaði (tollaumhverfi, samdráttur í sauðfjárrækt) • Enginn framhaldsskóli • Brestur í loðnuafla, minnkar tímabundna tekjuöflun á svæðinu • Vegakerfið



Atvinnustefna

Hlutverk Dalabyggðar í uppbyggingu atvinnulífs:

1. Stuðla að frjóum jarðvegi fyrir fjölbreytt atvinnulíf og ferðaþjónustu.
2. Viðhalda sterkum innviðum og tryggja góðan aðbúnað fjölskyldna.
3. Styrkja ímynd sveitarfélagsins.
4. Þrýsta á um góðar samgöngur.
5. Vinna að því að fá fleiri opinber störf til Dalabyggðar.

Markmið

- Að styðja við atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu og hlúa að því sem fyrir er.
- Þrýsta á yfirvöld um lagningu á þriggja fasa rafmagni í Dalabyggð með áherslu á atvinnustarfsemi í dreifbýli.
- Bjóða upp á lóðir til atvinnu- og íbúðabygginga.
- Stuðla að ljóðsleiðaratengingu í hvert hús.
- Sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi við framþróun atvinnulífs.
- Náttúrulegar aðstæður, auðlindir, sagan og svæðisbundnir möguleikar verði nýttir til uppbyggingar á fjölbreyttu atvinnulífi og samfélagi sem íbúar eru stoltir af.
- Þrýsta á Vegagerð og yfirvöld um bætt vegakerfi og þjónustu.
- Bjóða upp á íbúðarhúsnæði, styrkja búsetugæði og fá ljósleiðara til þess að laða að opinber störf.

Innleiðing og eftirfylgni atvinnustefnu

Verkefni	Aðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð
Vínlandssetur	Framkvæmd og uppsetning	Tilbúið í apríl 2020	Byggðarráð
Ljósleiðari í dreifbýli	Lagning og tengingar	Tilbúið 2020	Dalaveitur
Laða að opinber störf	Grípa tækifærin og bjóða upp á aðstöðu / nýta aðstöðu sem til er. Þingmenn/ráðherra kjördæmisins.	Strax, nýta öll tækifæri sem eru í umræðunni hverju sinni. Atvinnumálanefnd greini tækifæri veturinn 2019 – 2020	Sveitarstjórn, atvinnumálanefnd
Samvinna dvalar- og hjúkrunarheimila í Dalabyggð.	Til að draga að háskólamenntað fólk, Teymisvinna, hagræðing og bætt þjónusta.	Samtal 2019 Samvinna 2020	Sveitarstjórn og stjórn Silfurtúns
Stuðla að bættu vegakerfi	Greina umferðargögn. Þingmenn/ ráðherrar sem eru í kjördæminu / hafa áhrif á þá til framkvæmda.	Greining 2020	Sveitarstjórn
Ljósleiðari í þéttbýli	Kanna hvort þéttbýlið sé samkeppnissvæði og vinna út frá því.	2020	Sveitarstjórn
Þrýsta á um þriggja fasa rafmagn í fyrirtæki í dreifbýli	Samtal við Rarik	2020	Sveitarstjórn, atvinnumálanefnd
Heimavinnsla Dalabyggðar	Stuðla að fjölbreyttri úrvinnslu matvæla úr héraði	2020	Einstaklingar draga vagninn, sveitarstjórn og atvinnumálanefnd styðja við
Styðja við hugmyndir / þróun núverandi rekstrar fyrirtækja.	Hvetja til nánari samvinnu fyrirtækja og stoðkerfis atvinnulífsins	2020	Atvinnumálanefnd
Ferðapjónustan búa til klasa	Koma ferðapjónustu betur á kortið, vinna betur saman	2020	Sveitarstjórn/ ferða- og markaðsfulltrúi
Byggðarsafnið, húsnæði	Finna framtíðarhúsnæði	2020	Byggðaráð, menningarmálanefnd
Vindorka	Vinna með yfirvöldum að rannsóknum og framgangi verkefna	2020	Sveitarstjórn/Atvinnu málanefnd /Umhverfis- og skipulagsnefnd
Efla markaðs- og kynningarstarf	Halda styrkleikum og atvinnulífi Dalabyggðar á lofti	2020	Ferða- og markaðsfulltrúi
Lóðir til atvinnu – og íbúðar/húsbygginga	Skipuleggja lóðir og stofna húsnæðissjálfsseignarstofnun	2019	Sveitastjórn, umhverfis- og skipulagsnefnd

Fjölskyldustefna

Hlutverk Dalabyggðar varðandi fjölskyldumál er víðtækt, eðli málsins samkvæmt, þar sem snertifletir við fjölskylduna frá vöggju til grafar eru fjölmargir.

Menning – skólastarf - íþróttir og tómstundir - atvinna – lýðheilsa – útivistarsvæði

Í skólastefnu Dalabyggðar kemur fram að þar skuli vera metnaðarfullt framsækið skólastarf þar sem nemendum líður vel. Búa skal þeim öruggt umhverfi og bestu aðstæður til náms. Samfélagið allt leggur hönd á plóg til þess að skólastarf blómstri og beri ríkulegan ávöxt.

Stefna Dalabyggðar í skólamálum er:

1. Að tryggja samstöðu, samabyrgð og sátt um skólastarf í sveitafélaginu.
2. Að faglega sé unnið að skólamálum í sveitarfélaginu.
3. Að gætt sé jafnræðis þannig að allir nemendur geti náð sem bestum árangri óháð búsetu, kyni, fötlun fjárhag eða annarri sérstöðu.
4. Að bjóða upp á góða aðstöðu til náms þar sem hugað er að öryggi og aðstöðu til náms í fjölbreyttum námsgreinum.
5. Að gera skólastarfið sýnilegt og tengja það samfélaginu.

Stefna Dalabyggðar í íþrótt- og tómstundastarfi er

1. Að faglega sé unnið að tómstundastarfi í sveitarfélaginu.
2. Að gætt sé jafnræðis þannig að allir hafi tækifæri til að nýta sér þau íþrótt- og tómstundatilboð sem völ er á, óháð búsetu, aldri, kyni, fötlun, fjárhag eða annarrar sérstöðu.
3. Að efla íþrótt- og tómstundastarf, fjölga þátttakendum og efla samvistir fjölskyldna á sem fjölbreyttastan hátt.
4. Að bjóða upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og tómstundastarfs.
5. Að leggja áherslu á forvarnir með öflugum tómstundastarfi og íþróttaiðkun.

Markmið

Fjölskyldum líði vel í Dalabyggð og vilji vera hér.

Innleiðing og eftirfylgni fjölskyldustefnu

Verkefni	Aðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð
Samfella í tómskundastarfi barna	Stuðla að samtali aðila sem standa að tómskundastarfi	Haust 2019	Fræðslunefnd, tómskundafulltrúi
Framhaldsskólanám í fjarnámi	Kanna þörf og móta stefnu út frá henni	2020	Fræðslunefnd, sveitarstjórn
Þjónusta við aldraða	Sækja um tvö pláss í hjúkrunarrými	Áramót 2019/2020	Sveitarstjórn, stjórn Silfurtúns
Heimaþjónusta	Símenntun fyrir starfsfólk í heimaþjónustu. Leita samstarfs við Reykhóla og Strandabyggð	Jan-feb 2020	Sveitarstjóri og verkstjóri heimilishjálpar
Íþróttaaðstaða	Skoða möguleika í uppbyggingu íþróttaaðstöðu t.d. í kringum/í Dalabúð	2019/Vor 2020	Sveitarstjórn



Markaðsstefna

Hlutverk Dalabyggðar

1. Styrkja ímynd sveitarfélagsins
2. Gera Dalabyggð sýnilegri á vefmiðlum
3. Fjölbreytileiki samfélagsins auglýstur
4. Efla viðburði í sveitarfélaginu: Jörvagleði, Heim í Búðardal, Haustfagnaður sauðfjárbænda, menningarviku, Matur og menning, Réttir.

Markmið

- Ráða ferða- og markaðsfulltrúa í 100% starf.
- Sýnilegri á vef- og samfélagsmiðlum, nýtt efni að lágmarki 2 sinnum í viku.
- Vinna með gildi Dalabyggðar í auglýsingum.

Innleiðing og eftirfylgni markaðsstefnu

Verkefni	Aðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð
Ráða ferða- og markaðsfulltrúa í 100% starf	Auglýsa og afgreiða umsóknir	2020	Sveitarstjórn
Ný vefsíða í loftið	Nánast tilbúin	2020	Ferða- og markaðsfulltrúi
Opinn hópur Dalabyggðar á Facebook fyrir alla	Stofna og ritstýra hópnum	2020	Ferða- og markaðsfulltrúi
Stafrænt forskot	Námskeið fyrir fyrirtæki í sveitarfélaginu	Haust 2019	Sveitarstjóri
Auglýsingar um störf í sveitafélaginu	Öll fyrirtæki geta auglýst saman, reyna að laða að fjölskyldur.	Sumar 2020	Ferða- og markaðsfulltrúi
Gönguleiðir	Merkja og markaðssetja gönguleiðir í sveitafélaginu í samvinnu við alla hagsmunaaðila	2020 – 2022, 2 – 3 leiðir á ári	Ferðamálasamtök, Ferða- og markaðsfulltrúi
Laugar í Sælingsdal	Selja Laugar- nýta þá fjármuni í uppbyggingu á íþróttamannvirki	2020	Sveitarstjórn

Samgöngur

Hlutverk Dalabyggðar

- Samgöngur: Að greina þarfir íbúa og atvinnulífs á sviði samgöngumála og beita sér gagnvart málaflokknum í gegnum SSV með samgönguáætlun Vesturlands.
- Fjarskipti: Að beita sér fyrir því að öll svæði sveitarfélagsins verði ljóstengd og gott fjarskiptasamband sé til staðar, m.a. farsímasamband og útvarpsskilyrði. Mikilvægt er að tryggja að ekki komi til þess að fjarskipti hamli því að hægt sé að ná í viðbragðsaðila.

Markmið

1. Að halda því á lofti hversu Dalabyggð sé vel staðsett gagnvart samgöngum í allar áttir.
2. Að tryggja öruggar samgöngur fyrir skólabörn sveitarfélagsins og þá sem þurfa að sækja atvinnu innan sveitarfélagsins.
3. Að tryggja öruggar samgöngur og aðgengi ferðamanna að ferðamannastöðum.
4. Ljósleiðaravæðingu verði lokið um mitt ár 2020.
5. Að tryggja öryggi gangandi vegfarenda.

Innleiðing og eftirfylgni samgöngustefnu

Verkefni	Aðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð
Að tryggja aðgengi að áfangastöðum í samræmi við Áfangastaðaaætlun Vesturlands	Gera verkefnaáætlun um aðgengi að áhugaverðustu stöðunum í sveitarfélaginu	2020	Sveitarstjórn og ferða- og markaðsfulltrúi
Hafa aðgengi að sand/saltstömpum innanbæjar í Búðardal	Velja staðina sem mikilvægastir eru og kaupa stampa	Í fjárhagsáætlun 2020	Byggðaráð, starfsmenn áhaldahúss
Fara yfir forgangsöröðun á snjómokstri sem sveitarfélagið kostar	Sveitarstjórn endurskoði reglurnar	Í fjárhagsáætlun 2020	Sveitarstjórn, félagsmálanefnd
Þrýsta á um meiri þjónustu á stofnvegum	Samtal við Vegagerðina	Frá og með 2019	Sveitarstjórn og sveitarstjóri
Fara yfir og þrýsta á framkvæmdir í samræmi við samgönguáætlun Vesturlands	Eftirfylgni í samtali við SSV og við endurskoðun stefnunnar	Frá og með 2019	Sveitarstjórn og sveitarstjóri
Fjarskiptasamband viðbragðsaðila	Halda utan um stöðu fjarskiptamála með því að fá upplýsingar frá íbúum og koma áfram til fjarskiptaaðila	Frá og með 2019	Starfsmaður sveitarfélagsins að halda utan um og sveitarstjóri að koma upplýsingunum áfram
Gott farsímasamband um allt sveitarfélagið	Halda utan um stöðu fjarskiptamála með því að fá upplýsingar frá íbúum og koma áfram til fjarskiptaaðila	Frá og með 2019	Starfsmaður sveitarfélagsins að halda utan um og sveitarstjóri að koma upplýsingunum áfram
Ljósleiðaravæðing	Sjá atvinnustefnu		

Umhverfisstefna

Hlutverk Dalabyggðar

Sveitarfélagið vinnur umhverfisstefnu og þjónustar íbúa með sorphirðu.

Markmið

Sveitarfélagið vinni umhverfisstefnu. Dalabyggð verði til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Markmiðunum ætlar sveitarfélagið að ná með eftirfarandi áherslum og aðgerðum.

Innleiðing og eftirfylgni umhverfisstefnu

Verkefni	Aðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð
Sorphirða í Dalabyggð	Vinna útboð í samræmi við þarfir íbúa, með m.a. hliðsjón af niðurstöðum íbúapings	2020	Sveitarstjórn
Umhverfisstefna	Unnin verði umhverfisstefna fyrir sveitarfélagið í samstarfi við fagaðila	Á fjárhagsári 2020	Sveitarstjórn, umhverfis- og skipulagsnefnd
Átak í hreinsun Dalabyggðar	Samverudagur þar sem íbúar tína rusl	Árlega frá sumri 2020	Sveitarstjórn í samvinnu við íbúa
Gámar í dreifbýli	Gámar verði staðsettir oftast yfir árið í sveitunum til að taka við efni	Á fjárhagsári 2020	Sveitarstjórn
Fráveita	Vinna verkefnið sem búið er að skilgreina	Á fjárhagsáætlun frá 2019	Sveitarstjórn
Hunda- og kattahald	Efla skráningu á hundum og köttum í sveitarfélaginu, birta m.a. á pólsku	Á árinu 2020	Sveitarstjórn

